

# Svífðu litla, léttu blað ...

4.tbl., 4. árg. maí 2015, skóladeild Akureyrar

Ágæta skólafólk!

Hér fáðið þið síðasta fréttabréf þessa vetrar. Ég ætla að deila hér með ykkur nokkrum góðum hugmyndum og segja ykkur frá helstu verkefnum mínum núna á vordögum.



Þegar stundir gefast sest ég áfram við verkefnagerð af ýmsu tagi og enn er ofarlega í huga mér að reyna að samþætta íslenskuna við kennslu samfélagsgreina til að kenna nemendum orðaforða námsgreina sem fyrst. Nú er ég búin með verkefni sem tengjast bókinni *Annað sumar hjá afa* eftir Friðrik Erlingsson, mjög lauslega þó. Þetta verkefni er komið á heimasíðuna og það má einnig skoða hér:

<http://akmennt.is/erlendir/Annað%20sumar%20hjá%20afa.pdf>

Ég er svo líka að vinna annað verkefni (klára það í sumar) þar sem ég er að vinna aðeins með mannanöfn sem tengjast náttúrunni en með þeirri tengingu er hægt að ræða um blóm, tré, fugla o.fl. (Sóley, Reynir, Örn, Jökull, Alda o.s.frv.)

Enn langar mig til að miðla hér góðri hugmynd sem kennarar yngsta stigs í Síðuskóla eiga allan heiður af. Þar er búið að flokka lestrarbækur eftir þyngdarstigi en það flýttir verulega fyrir þegar velja þarf bækur handa nemendum. Þessi fíni listi er kominn á heimasíðuna og má skoða hann hér:

[http://akmennt.is/erlendir/Bókalisti\\_Siduskoli.pdf](http://akmennt.is/erlendir/Bókalisti_Siduskoli.pdf)

Kærar þakkir, stelpur í Síðuskóla ☺

Núna í maí hef ég verið að leggja fyrir verkefni til að nota sem stöðumat í íslensku fyrir nokkra nemendur mína. Ef þau geta nýst einhverjum eru þau á leiðinni undir flipann *Námsefni* á heimasíðunni.

Í Oddeyrarskóla fékk ég líka slóð af afskaplega skemmtilegum vef þar sem hægt er að setja upp myndrænar kveðjur til nemenda með þeim hugtökum sem höfðu til hvers og eins. Ef þetta hefur farið



fram hjá einhverjum er slóðin <https://tagul.com/>

Í vetur hef ég aðeins rætt hér um mikilvægi móðurmálskennslu erlendra nemenda. Nú höfum við Zane hjá Alþjóðastofu og Sigríður hjá samfélags- og mannréttindadeild sent bréf til skólanefndar þar sem vakin



er athygli á nauðsyn stefnumótunar um móðurmálskennslu. Ég fór á fund skólanefndar sem tók málinu vel og við vonum að þetta hafi verið fyrsta skrefið í að koma þessum málum í skipulegra og betra horf.

Hið góða verkefni Lionsklúbbsins Ylfu sem bauð upp á lestraraðstoð fyrir erlenda nemendur í 1. og 2. bekk í vetur mun halda áfram næsta skólaár. Þá verður nemendum 1.-3. bekkjar boðið að koma á bókasafnið til að lesa með þeim Lionskonum. Flott verkefni og nauðsynlegt sem við þurfum að vera dugleg að vekja athygli á næsta haust!

### Sumarnámskeið Ísbrúar

Þann 11. ágúst n.k. mun Ísbrú, félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál halda námskeið sem ber heitið **Virkt tvítyngi**. Þar verður fjallað um hvernig styrkja megi móðurmál nemenda um leið og þeir tileinka sér námsefnið. Sjá nánar hér: <http://tungumalatorg.is/blog/2015/04/15/sumarnamskeid-isbruar-2015/>

**Að lokum:** Ef vel viðrar til útivistar er ótrúlega skemmtilegt að fá sér gönguferð með nemendum eftir stígnum meðfram Drottningarbrautinni. Þar er mikið fuglalíf þessa dagana og myndirnar sem hér fylgja með eru teknar þar, af æðarblika, sandlóu og þeim sporum sem litlir fætur marka í sandinn þessa vordaga.



Bestu þakkir fyrir skemmtilegt samstarf í vetur og von um að þið njótið góðra sumardaga.

*Helga*